

- 96 14. maí Pað, sem ofangreindur tekjuauki kann að fara fram úr þeirri fjárhæð, sem sérstaklega er ráðstafað í fjárlögum, leggist í sérstakan sjóð, er verði ráðstafað til lagningar Suðurlandsbrautar á árinu 1941.

4. gr.

Með því að innheimta á árinu 1941 með 12% viðauka alla skatta og önnur gjöld, sem greiða ber í rikissjóð og falla í gjalddaga á árinu, og því einnig skatta og gjöld samkvæmt 2. og 3. gr. laga þessara. Viðauki sá, sem samkvæmt þessu ákvæði verður innheimtur af tekju- og eignarskatti og skattaukanum samkvæmt 2. gr. laga þessara, skal renna til bæjar- eða sýslusjóða þar sem skatturinn er á lagður.

Undanþegin viðaukagjaldi samkv. 1. mgr. þessarar greinar eru útflutningsgjöld samkvæmt lögum nr. 63 23. jan. 1935, gjöld samkvæmt lögum nr. 25 9. jan. 1935 og tollar samkvæmt lögum um tollskrá og lögum um gjald af innlendum tollvörutegundum.

Fjármálaráðherra setur nánari reglur um innheimtu viðaukagjaldsins samkvæmt þessari grein, svo og um skil á því í rikissjóð.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1941.

Gjört í Reykjavík, 14. maí 1940.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.
Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.
(L. S.)

Jakob Möller.

- 97 14. maí

L Ö G

um breyting á lögum nr. 68 11. júní 1938, um hafnargerð á Raufarhöfn.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallið á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

1. gr. laganna orðist þannig:

Ríkissjóður veitir til hafnargerðar á Raufarhöfn í Presthólahreppi í Norður-Pingeyjarsýslu, samkvæmt áætlun, er ríkisstjórnin hefir samþykkt, $\frac{2}{3}$ kostnaðar, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 92000.00 — níutíu og tvö þúsund krónur — gegn $\frac{1}{3}$ hlutum frá hafnarsjóði Raufarhafnar.

2. gr.

2. gr. laganna orðist þannig:

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 230000.00 — tvö hundruð og þrjátíu þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Raufarhafnar kann að taka, gegn ábyrgð Presthólahrepps og sýslusjóðs Norður-Pingeyjar-

sýslu. Tillag úr rikissjóði og ábyrgð rikissjóðs eru bundin því skilyrði, að yfirumsjón 97
með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir. 14. maí

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. maí 1940.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.

Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

L Ö G

98

um eignar- og notkunarrétt jarðhita.

14. maí

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

Landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar á hverum og laugum (jarðhita), sem á henni eru, þó með takmörkunum þeim, sem lög þessi tilgreina.

2. gr.

Óheimilt er landeiganda eða umráðamanni að spilla hverum eða laugum á landi sínu, hvort sem það er með ofaniburði, framræslu eða með öðrum hætti, nema það sé talið nauðsynlegt samkvæmt matsgerð, til varnar því landi eða landsnytjum. Óheimilt er hvera- eða landeiganda með sama hætti að breyta að nokkru leyti farvegi þess vatns, er hverinn þeytir frá sér, eða afrennsli laugar, sbr. þó 3. gr.

3. gr.

Landeiganda er rétt að hagnýta sér hverri og laugar eins og honum þykir bezt henta til heimilisþarfa, framleiðslu og iðnaðar, sbr. þó 4. gr.

Hann hefir rétt til að stífla frárennsli úr þeim, hlaða bakka um þau, gera garða um þau, ræsa fram ofanjarðar eða neðan án þess hætta stafi af eða veruleg óþægindi fyrir umferð eða spjöll á eign annars manns, sem ekki er skylt að hlíta samkvæmt sérstakri heimild. Skylt er landeiganda að girða umhverfi hvera og lauga, ef sérstök hætta stafar af.

4. gr.

Nú liggja landamerki um hverasvæði, þannig, að einhver hluti hveragufunnar eða loftsins eða laugavatns liggur svo í landareign tveggja eða fleiri landeigenda, að ekki verður aðskilið, þegar hagnýtt er, og skal þá með mati skorið úr því, hvern hlutfallslegan rétt hver jörð hefir til jarðhitaorkunnar.

Ef landeigendur verða ekki ásáttir að öðru leyti um réttindi til hagnýtingar, skal mat skera úr.

Nú vill annar eða einhver jarðeigenda hagnýta hvera- eða laugaorku, sem er sameiginleg, en hinn eða hinir ekki, og skal þá sá eða þeir, er hagnýta vilja, eiga